

Vorferðir 9. bekkja í Garðaskóla

3.-4. júní og 4.-5. júní

Kæra forráðafólk og ungmenni 9. bekkja Garðaskóla,

Nú fer að líða að skólalokum og vorferðum 9. bekkja. Ferðinni er haldið á Suðurlandsundirlendið og endað í gistingu á Heimalandi undir Eyjafjöllum.

Kostnaður ferðarinnar er 19.500.- Innifalið er rúta, gisting, matur (að hluta) og heljarinnar dagskrá.

Farið verður í tveimur hópum:

Hópur 1: 3.-4. júní	9. KP 9. EDH 9. RPS 9. HBG 9. SHS
Hópur 2 4.-5. júní	9. RT 9. HS 9. BJ 9. EHH

Skráning í ferðina

Skráning og greiðsla fyrir ferðina fer fram rafrænt í gegnum sportablar. Hægt er að finna ferðina inn á markaðstorginu í appinu eða fara inn á ablar.io/shop/gardalundur

Skráningu þarf að vera lokið á miðnætti 19. maí nk. svo hægt sé að bóka réttar stærðir af rútum.

Greitt er fyrir ferðina við skráningu og því þarf að hafa greiðslukort við höndina.

Mikilvægt! Taka þarf fram í athugasemd inni í umsókninni ef barn hefur fæðuþöpol, ofnæmi eða aðrar sérþarfir.

Dagskrá í ferðinni

Dagur 1

Nemendur taka með sér nesti fyrir þennan dag og koma klædd til þess að vera í blautu umhverfi (aukaföt/skór með!) og fyrir göngur (úti!)

- 8:00 mæting í Garðaskóla
- 09:00 Brottför frá Garðaskóla
 - Keyrt inn að Básam í Þórsmörk.
 - Dagurinn notaður til að skoða Þórsmörk og njóta náttúrunnar þar.
 - Léttur hádegismatur í boði við komuna inn í Þórsmörk (pastaréttur).
 - Nemendur með nesti í bakpokanum fyrir daginn og vatnspoka eða brúsa!
- 15:30 farið frá Þórsmörk og keyrt inn að Seljavöllum.
 - Á Seljavöllum verður gengið upp að Seljavallalaug þar sem nemendur geta farið í elstu sundlaug landsins eða leikið sér í læknum sem rennur þar við.

- Hér þarf að hafa með sér sundföt og handklæði.á
- Kvöldmatur verður í höndum starfsfólks (grilla eða sjóða pylsur eftir veðri) og verður stuttu eftir að komið er að félagsheimilinu að Heimalandi frá Seljavöllum

Kvöldvaka og leikir í höndum starfsfólks og nemenda

- Útileikir ef veður leyfir
- Kubb o.s.frv.
- Gengið að Paradísarhelli

Dagur 2:

- 09:00 Morgunmatur
 - Pakka saman og koma sér út í rútu.
- 10:30 Brottför frá Heimalandi
 - Stoppað við Seljalandsfoss og Gljúfrabúi heimsóttur
- 13:00 Hádegismatur á Hvolsvelli (pizzahlaðborð, franskar, gos)
 - Gönguferð upp á Hvolfsfjall
 - Sund
 - Íþróttahús
- 15:00 lagt af stað heim

Útbúnaðarlisti

Reynið að takmarka farangur eins og hægt er. Við höfum ekki endalaust pláss í rútinum. Miðað er við að hver sé með svefnbúnað og svo eina stóra íþróttatösku eða litla ferðatösku fyrir föt.

Farangur:

- Svefnpoki, koddur og lak.
- Dýnu til að sofa á.
- Tannbursti, tannkrem og aðrar nauðsynlegar snyrtivörur eins og svitalyktareyði
- Útifatnað, regnbuxur eða annan hlífðarfatnað.
- Góðan skóbúnað – við göngum töluvert svo gott að vera með gönguskó.
- Náttföt og/eða þægileg kósýföt um kvöldið.
- Nærföt og sokka til skiptanna
- Inniskór
- Sundföt og handklæði
- Bakpoki / til að hafa í rútinu og á göngu.
 - Hafa sundföt og handklæði í þessari tösku þegar við förum frá Garðaskóla.
 - Gott að hafa þurra sokka með í bakpokanum til að fara í eftir dýfu í Seljavallalaug fyrir þau sem það vilja.

Aukahlutir sem er gott að hafa með sér

- Hleðslutæki
- Hleðslubanka
- Heyrnatól

Mæting klukkan 08:00 báða dagana - leggjum af stað 08:20 (fara snemma að sofa, mjög erfitt að byrja ferðina þreyttur).

Áætluð heimkoma er kl 17:00

**Borðið morgunmat áður en þið leggið af stað. Hafið með ykkur gott og hollt nesti fyrir fyrri daginn og millimál fyrir báða dagana.
Innifalið í ferðinni er 1x kvöldmatur, 1x morgunmatur og 1x hádegismatur**